

Grunnskólinn í Hofgarði
Öræfum
Sveitarfélaginu Hornafirði

Skýrsla um sjálfsmat skólaárið 2016-2017

Inngangur

Skólaárið 2016-2017 var að mörgu leyti sérstakt ár. Mönnun var í lágmarki og skólaárið einkenndist af því að starfsmenn lögðu krafta sína í að halda skólastarfinu gangandi og mæta þörfum nemenda og fjölskyldna þeirra eftir því sem tók voru á en aðstæður voru krefjandi fyrir alla aðila af þeim ástæðum sem greint skal frá.

Svo sem fram hefur komið áður var skólinn í sögulegu lágmarki skólaárið 2015-2016 með aðeins 4 nemendum. Vorið 2016 var orðið ljóst að mikil breyting yrði um haustið vegna fjölgunar barnafólks sem var að koma í sveitina til að vinna á nýja hótelinu á Hnappavöllum sem hlotið hafði nafnið Fosshótel Jökulsárlón.

Þegar börnin voru aðeins fjögur var verið að leita leiða til að auka fjölbreytni hjá þeim og efla samskipti við jafnaldra með heimsóknum í Grunnskóla Hornafjarðar. Í kjölfarið var tekin stefna um að þessir nemendur myndu árið eftir, þ.e. 2016-2017 tilheyra Grunnskóla Hornafjarðar en þeir voru þá að fara í 7. - 9. bekk. Í gegnum árin hafa nemendur í 8.-10. bekk oftast dvalið á Höfn, síðan Nesjaskóla sleppti, og verið í skóla með jafnöldrum sínum þar, og var nú ákveðið að þessi fjögur myndu halda hópinn og vera til skiptis á Höfn og í Hofgarði en náminu yrði alfarið stýrt frá Grunnskóla Hornafjarðar.

Þá var í uppsiglingu nokkuð krefjandi verkefni fyrir Grunnskólann í Hofgarði, þ.e. að taka á móti nýjum nemendahópi sem var að flytja inn í sveitina vegna vinnu foreldra þeirra við hótelið á Hnappavöllum. Alls voru það 8 börn en 1 var að fara í 9. bekk og skyldi því fara inn í skipulag unglinganna. Og eitt barnanna var á leikskólaaldri. Að auki voru þá 3 lítil börn í sveitinni svo að það var komin ástæða til að opna leikskóladeildina aftur.

Þarna varð viðsnúningur svo um munaði í skólanum. Ákveðið var að nú yrði samrekinn grunn- og leikskóli í Hofgarði. Þarna yrðu 4 börn í leikskóla, 6 í grunnskóla auk þeirra 5 í unglingadeild sem myndu koma með verkefni frá Höfn og vinna heima 2-3 daga í viku. Alls 15 börn sem nytu þjónustu.

Ekki reyndist auðvelt að manna þessi störf að fullu en með góðum vilja allra tókst að púsla saman starfsfólki í vikuskipulag fyrir alla hópa. Starfsmenn voru flestir nýir á þessum vettvangi nema skólastjóri, sem var að komast á eftirlaun eftir þennan vetur. Með jákvæðni og samvinnu að leiðarljósi tókst að halda starfinu gangandi fyrir alla aldurshópa en vissulega reyndi það á að fóta sig og prófa sig áfram með leiðir og skipulag. Allir voru að takast á við nýjar aðstæður. Fjölskyldur sem voru nýfluttar inn í sveitina þurftu að kynna nýjum skóla og nýju samfélagi, starfsfólk skólans þurfti að læra hvert á annað, og læra á þarfir nýrra nemenda og fjölskyldna þeirra sem komu í krefjandi aðstæður a.m.k. til að byrja með vegna vöntunar á húsnæði og mikla vinnu. Og nemendur komu að öllum aðstæðum nýjum.

Í 7. - 9. bekk voru samtals 5 nemendur og var þeim kennt heima í einni deild, fyrst 3 daga í viku en þegar leið á veturinn voru þessir nemendur heima 2 daga í viku.

Í 1. – 6. bekk voru samtals 6 nemendur og var þeim kennt í einni deild.

Í leikskóladeild voru 4 börn.

Starfsmenn voru 8 talsins:

Skólastjóri

1 kennari

2 leiðbeinendur sem unnu bæði í grunnskóladeild og leikskóladeild

1 starfsmaður í leikskóladeild í hlutastarfi

1 starfsmaður í leikskóladeild í hlutastarfi og jafnframt húsvörður

1 matráður í hlutastarfi (hætti 1. apríl sökum aldurs og Hof1 hótél tók við mötuneytinu)

1 leiðbeinandi í tónlist í hlutastarfi

Segja má að miðað við þarfir hópsins hafi þessi mönnun verið í lágmarki en ekki tókst að fá fleiri til stuðnings. Var því meiri áhersla lögð á annað en formlega sjálfsmatsvinnu. Fremur var eftir megni reynt að koma til móts við þarfir þessa nýja hóps en aðlögun tók nokkurn tíma.

Foreldrar sjá um að aka börnum sínum í skólann. Næstu skólar eru á Höfn í Hornafirði og á Kirkjubæjarklaustri, yfir 100 km í hvora átt.

Skólastarf er frá kl. 9-15 alla daga vikunnar nema 2 börn í leikskóladeild fengu samþykka vistun til kl. 16. Tónlistarnám fer fram á skólatíma, en leiðbeinandi sem er í samstarfi við Tónskóla Hornafjarðar sér um einstaklingskenntu á hljóðfæri.

Matráður sá um útbúa heita máltíð í hádeginu og Hof1 hótél tók við því hlutverki í byrjun apríl.

Mikil áhersla er lögð á að tengja skólann við nærsamfélagið, bæði hvað varðar félagslíf, leik og störf og sem fyrr voru foreldrar og íbúar sveitarinnar viljugir að taka þátt í félagslífi skólans á þessu skólaári.

Stefna skólans er sýnileg á heimasíðu skólans, www.hofgardur.is

Í þessari matsskýrslu er fjallað um sjálfsmat skólans veturinn 2016-2017, framkvæmd þess, niðurstöður og umbótaáætlun.

Fyrir lá 5 ára áætlun og veturinn 2016-2017 var ætlunin að meta: 1. Skólanámskrá yfirfarin – skoða sérstaklega námsmat. - 2. Heimasíðan yfirfarin 3. Líðan nemenda - 4. Sterkar og veikar hliðar í kennslu/námi - 5. Sterkar og veikar hliðar skólans - 6. Námsmat.

1. Skólastjóri fór yfir og uppfærði skólanámskrá og námsmat var tekið á dagskrá með kennara/leiðbeinendum þar sem rætt var um möguleika á að innleiða nýjar áherslur í námsmati. Ekki náðist að mynda starfshóp um þróun í þeim málum þar sem orkan beindist að því að halda gangandi daglegu starfi og samstarfi við Grunnskóla Hornafjarðar sem var nýtt í sögu skólans. Ákveðið var að fylgja hefðum skólans með námsmat þennan veturinn.
2. Heimasíðan var yfirfarin og uppfærð.
3. Gerð var könnun á haustmisseri um líðan nemenda og niðurstöður teknar á dagskrá á fundi með foreldrum í október. Aðferðafræðin var sú að nemendur og foreldrar fengu spurningalista um líðan í skóla. Sjá fylgiskjal 1.

Niðurstöður:

Svör nemenda voru á þann veg að um 20% svara voru að það væri stundum stríðni, skilið út undan, ofbeldi, eða einelti, en enginn merkti við oft. Telst það vel viðunandi niðurstaða þar sem besti eða næst besti kosturinn er valinn í 80-100 % spurninga.

Fyrsta spurningin var „Hvernig líður þér í skólanum?“ og valmöguleikarnir voru vel – sæmilega – illa.

Allir svöruðu – vel.

Í næstu spurningu töldu 2 sig stundum verða fyrri stríðni en 4 aldrei.

Í 3. spurningu töldu 2 að þeir væru stundum skildir útundan en 4 aldrei.

Í 4. spurningu taldi enginn sig verða fyrir andlegu ofbeldi.

Í 5. Spurningu töldu 3 sig stundum verða fyrir líkamlegu ofbeldi en 3 aldrei.

Í 6. Og síðustu spurningu sagðist 1 stundum verða fyrir einelti en 5 aldrei.

Við frekari kannanir á líðan og þeim atriðum sem ekki komu vel út kom í ljós að skilningur var misjafn á orðum eins og ofbeldi og einelti og það var unnið með þá þætti sem komu neikvætt út.

Könnun til foreldra var til að merkja við hvort barninu liði vel í skólanum almennt, liði vel í bóklegu og verklegu námi og einnig í frímínútum, væri jákvætt að fara í skólann og hvort samskiptin væru góð við starfsmenn og skólasystkini. Sjá fylgiskjal 2.

Valmöguleikar foreldra voru að merkja við: næstum alltaf, oftast, sjaldan, næstum aldrei.

Í 100 % tilfella merktu foreldrar við næstum alltaf eða oftast. Af 42 merkingum var 8 sinnum merkt við oftast (7 spurningar og 6 nemendur) en í 34 tilfella var merkt við næstum alltaf. Markmið náðist um að milli 80-100 % merkinga væru við 2 bestu kostina og í langflestum tilfellum var merkt við besta kostinn. Í heild er niðurstaðan sú að könnun um líðan nemenda kom vel út.

4-5. Á vormisseri var send könnun til foreldra um sterkar og veikar hliðar skólans. Sjá fylgiskjal 3.

Það voru ekki góðar heimtur á svörum en foreldrar svöruðu þessu sameiginlega. Fram kom í svörum þeirra að styrkleikar væru t.d. persónuleg tengsl við nemendur og foreldra og að hægt væri að gera ýmislegt sem ekki væri hægt alls staðar, s.s. að fara í réttir og skoða náttúruna í Skaftafelli. Veikleikar væru þeir að skipulag væri veikt eða ekki skipulagt út frá þörfum allra, og sumt væri erfitt vegna smæðar skólans sem væri auðveldara í stærri skóla í krafti stærðarinnar. Upplýsingaflæði um námsframvindu mætti vera betra og einnig kom fram í svörum foreldra að starfsfólk ráði illa við einföld hegðunarvandamál. Fram kom að samkennta árganga hentaði fyrir ákveðnar greinar eins og samfélags- eða náttúrufræðigreinar.

Vaðandi nám og kennslu var það sérstaklega skoðað hvernig fyrirkomulagið með unglíngana reyndist. Í ljós kom seinni hluta vetrar að foreldrar töldu að ekki væri að öllu leyti góð reynsla af því, þ.e. að flakka á milli skóla. Skólastjórar beggja skólanna, starfsmenn, foreldrar og fræðslustjóri fjölluðu um málið undir vorið til að leita lausna.

Umbótaáætlun:

Að áfram verði heimasíða uppfærð reglulega og skólanámskrá einnig.

Að námsmat verði endurskoðað reglulega í samræmi við nýjar áherslur.

Að ávallt verði reynt að standa vörð um góða líðan og starfsanda í skólanum.

Að reynt verði að manna skólann framvegis miðað við þarfir hverju sinni og taka á agamálum eftir bestu getu.

Að reyna að finna leiðir til að þjónusta unglíngana í Hofgarði svo að þeir geti búið heima.

Að upplýsingaflæði geti orðið betra milli skóla og heimila. T.d. með facebook hóp fyrir starfsmenn skólans og foreldra og setja stefnuna á að innleiða Mentor í skólann.

Veturinn 2017-2018 er á áætlun að meta:

1. Skólanámskrá yfirfarin
2. Heimasíða yfirfarin
3. Líðan nemenda
4. Kennsluhættir / nám
5. aðbúnaður

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1

Grsk. í Hofgarði haust 2016

Sjálfsmat

Hvernig líður þér í skólanum?	vel	sæmilega	illa
Er þér strítt þannig að þér líði illa?	aldrei	stundum	oft
Ert þú skilin/nn útundan í skólanum?	aldrei	stundum	oft
Verður þú fyrir andlegu ofbeldi í skólanum?	aldrei	stundum	oft
Verður þú fyrir líkamlegu ofbeldi í skólanum	aldrei	stundum	oft
Verður þú var/vör við að skólafélagar			
Þínir í Grsk. í Hofgarði séu lagðir í einelti?	aldrei	stundum	oft

Einhverjar athugasemdir:

Nafnið þitt er: _____

Fylgiskjal 2.

Sjálfsmat 2016

Grunnskólinn í Hofgarði, haust 2015

Kæru foreldrar. Vinsamlegast svarið eftirfarandi könnun um barnið ykkar eftir því sem þið teljið réttast. Setjið hring utan um svörin. Ef foreldrar svara bæði og eru ekki sammála má merkja við 2 möguleika í hverri línu.

Nafn barns: _____

Barninu líður vel í skólanum	Næstum alltaf	oftast	sjaldan	Næstum aldrei
Barnið er jákvætt að fara í skólann	Næstum alltaf	oftast	sjaldan	Næstum aldrei
Barnið á góð samskipti við aðra nemendur í skólanum	Næstum alltaf	oftast	sjaldan	Næstum aldrei
Barnið á góð samskipti við starfsmenn skólans	Næstum alltaf	oftast	sjaldan	Næstum aldrei
Barninu virðist líða vel í Bóklegu námi í skólanum	Næstum alltaf	oftast	sjaldan	Næstum aldrei
Barninu virðist líða vel í verklegu námi í skólanum	Næstum alltaf	oftast	sjaldan	Næstum aldrei
Barnið er ánægt og virðist líða vel í frímínútum í skólanum	Næstum alltaf	oftast	sjaldan	Næstum aldrei

Fylgiskjal 3.

Grunnskólinn í Hofgarði

Sjálfsmatskönnun vor 2017

Foreldrar

Hverjar eru sterkar hliðar skólans. Nefndu nokkur atriði sem þér eru efst í huga.

Hverjir eru veikleikar skólans? Nefndu nokkur atriði sem þér eru efst í huga.

Hvernig upplifir þú fyrir hönd þíns barns/þinna barna samkenndu árganga í skólanum?

Er það jákvætt fyrirkomulag og þá hvers vegna?

Er það neikvætt fyrirkomulag og þá hvers vegna?
